



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Ályktanir 60. Fjórðungspings Vestfirðinga  
haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015

## Efnisskrá

<b>Drög að stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga .....</b>	<b>3</b>
<b>Heilbrigðisstofnun Vestfjarða .....</b>	<b>3</b>
<b>Tónlistarnám á framhaldsskólastigi .....</b>	<b>3</b>
<b>Greinargerð.....</b>	<b>3</b>
<b>Menntaskólinn á Ísafirði.....</b>	<b>4</b>
<b>Greinargerð.....</b>	<b>4</b>
<b>Málefni fatlaðs fólks .....</b>	<b>5</b>
<b>Rannsóknarnefnd sjóslysa .....</b>	<b>5</b>
<b>Aukin fjárframlög til hafnarmála.....</b>	<b>5</b>
<b>Samgöngumál og fjarskipti.....</b>	<b>6</b>
<b>Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningsamgöngur .....</b>	<b>7</b>
<b>Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði .....</b>	<b>7</b>
<b>Hvalá.....</b>	<b>8</b>
<b>Greinargerð.....</b>	<b>8</b>

## **Drög að stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 samþykkir að fela stjórn FV að vinna áfram að stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árin 2015-2018. Stefnumótunin verði send sveitarstjórnnum til umsagnar og lögð fram til afgreiðslu á fjórðungsþingi árið 2016.

## **Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á Alþingi að auka við fjárheimildir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, þannig að unnt sé að tryggja góða heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði stofnunarinnar sem er í samræmi við nútímakröfur. Við sameiningu heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði við heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði voru gefin fyrirheit um bættu þjónustu, en möguleikar stofnunarinnar til að sinna grunnþjónustu miðað við núverandi fjárheimildir gefa ekki tilefni til bjartsýni. Þvert á móti er áhyggjuefni að fjárheimildir duga ekki til grunnrekstrar.

## **Tónlistarnám á framhaldsskólastigi**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 beinir því til starfshóps menntamálaráðuneytisins um framtíð tónlistarkennslu á framhaldsstigi að áfram verði stutt við tónlistarnám á framhaldsstigi á landinu öllu til að tryggja jafnan rétt barna til náms óháð búsetu og til að tónlistarnám fái þrífist á landinu öllu. Því verður ekki trúað að vilji sé til þess í þjóðfélaginu að flæma framhaldsskólanema og eða grunnskólanema úr heimahögum sínum svo þau geti stundað framhaldsnám í tónlist. Fjórðungsþing Vestfirðinga áréttar mikilvægi þess að standa vörð um það fjármagn sem nú er til úthlutunar úr Jöfnunarsjóði til framhaldsstigs í tónlist.

## **Greinargerð**

Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum vilja árétta mikilvægi tónlistarnáms fyrir smærri og stærri samfélög. Tónlist er hluti af menningararfi okkar og skapar tekjur fyrir allt samfélagið auk þess sem hún eykur vellíðan fólks og hefur mikið félagslegt vægi. Börn og ungmenni sem stunda tónlistarnám á sínum heimaslóðum fá tækifæri til að þroska og efla sína tónlistarhæfileika við aðstæður sem þau þekkja og veita þeim öryggi. Foreldrar geta stutt við

nám barna sinna og tekið þátt í kostnaði við námið án þess að það hafi veruleg áhrif á fjárhag heimilanna. Því er það með tónlistarnám eins og annað nám að jafn réttur allra til að stunda nám við hæfi skerðist ef tónlistarkennsla á framhaldsstigi verður eingöngu niðurgreidd við einn tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Áhugi fólks á tónlist og tónlistarnámi og tónlistarhæfileikar eru ekki bundnir búsetu og með því að takmarka aðgengi barna og unglunga á landsbyggðinni að tónlistarnámi geta hæfileikar farið forgörðum og við hin misst af efnilegu tónlistarfólki.

### **Menntaskólinn á Ísafirði**

60. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á stjórnvöld að taka mið af sérstöðu Menntaskólans á Ísafirði þegar kemur að úthlutun rekstarfjár til framhaldsskóla. Skólinn er mikilvægur í samfélagslegu tilliti á margan hátt, enda eini framhaldsskólinn á svæðinu og samfélagsleg áhrif hans mikil. Verknámsnemendur eru nú um þriðjungur af nemendafjölda skólans og mikilvægt er að skólinn geti áfram boðið upp á fjölbreytt verknám þó að fyrirsjáanleg sé fækkun nemenda í árgöngum. Þá er einnig mikilvægt að reiknilíkan fyrir framhaldsskóla verði endurskoðað og sú endurskoðun geri ráð fyrir samfélagslegri sérstöðu skóla þar sem það er viðeigandi.

### **Greinargerð**

Samfélagið þarfnast þess að á Vestfirðum verði áfram öflugur framhaldsskóli sem mætir þörfum nær allra nemenda úr nágrenni hans. Frekari fækkun nemenda mun að óbreyttu leiða til fábreyttara námsframboðs og þá mun skólinn ekki geta innritað alla þá nemendur sem útskrifast úr grunnskólum á svæðinu eins og honum ber þó að gera samkvæmt lögum. Ekki verður hægt að mæta þörfum þeirra nemenda sem vilja stunda verknám. Óbreytt staða mun leiða til þess að eftir þrjú ár verður ekki hægt að reka Menntaskólann á Ísafirði með viðunandi hætti. Samfélagsleg áhrif geta orðið alvarleg þar sem gera má ráð fyrir að fjölskyldur með unglunga flytjist burt af svæðinu ef ekki verður hægt að bjóða upp á viðunandi námsframboð fyrir fólk á aldrinum 16-20 ára.

## **Málefni fatlaðs fólks**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 krefst þess að Alþingi tryggji til framtíðar fullnægjandi fjármagn til reksturs Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Að sama skapi er brýnt að fjárveiting fái í fjárukalögum fyrir árið 2015 til að leiðrétta stöðu BsVest á árinu 2015 í samræmi við ályktanir og samþykktir sveitarstjórna á Vestfjörðum um málefnið. Jafnframt fari fram endurmat á jöfnun vegna þjónustu við fatlað fólk.

Ef full fjármögnun málaflokksins verður ekki tryggð eru ekki aðrir möguleikar í stöðunni fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum en að skila verkefninu til ríkisins

## **Rannsóknarnefnd sjóslysa**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 hvetur innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til Rannsóknarnefndar sjóslysa þannig að nefndinni verði gert kleift að rannsaka til hlítar orsakir og tildrög sjóslysa við Ísland. Þannig má tryggja enn betur öryggi sæfarenda. Nýleg dæmi sanna að fjölmörgum spurningum er ósvarað um orsakir og tildrög sjóslysa. Það verður ekki gert nema Rannsóknarnefnd sjóslysa séu tryggðar nægar fjárheimildir til rannsóknarvinnu.

## **Aukin fjárframlög til hafnarmála**

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 hvetur innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til hafnarmála. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir einungis 212 milljónum til almennra framkvæmda sem duga skammt til viðhalds og nýframkvæmda. Fjölmörg verkefni liggja fyrir í hafnargerð í landinu og mikil þörf er á viðhaldi enda hafa framlög til hafnaframkvæmda og viðhalds verið skorin niður undanfarin ár. Miðað við fyrirliggjandi fjárlög og nýtt fjárlagafrumvarp er ólíklegt að verkefni sem liggja fyrir í Samgönguáætlun 2015-2018 komist til framkvæmda vegna fjárskorts

## Samgöngumál og fjarskipti

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2. -3. október 2015 gerir þá kröfu að staðið verði við verkefni í samgönguáætlun 2011-2022 nú við endurskoðun áætlunarinnar. Allir stjórn málaflakkar á Alþingi hafa gefið fyrirheit um að verkefni í samgöngumálum á Vestfjörðum fái forgang. Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða líða fyrir það að vegir og fjarskipti eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gengur og gerist í nútímasamfélagi.

### Brýnustu úrlausnarefni eru:

- Vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60 með útboði eigi síðar en haustið 2016.
- Að standa við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 með útboði fyrir árslok 2016 og að endurgerð vega um Dynjandisheiði verði flýtt eins og kostur er.
- Að vinna að uppbyggingu nýs vegar í Árneshrepp þar sem næsti áfangi er Veidileysuháls í framhaldi af útboði á Bjarnafjarðarhálsi.
- Endurbygging stofnvega með einbreiðu slitlagi, þar sem brýnust er endurbygging Djúpvegjar 61 í Seyðisfirði og Hestfirði í samræmi við áherslur Vegagerðarinnar.
- Áfram verði unnið að því að útrýma einbreiðum brúm á Vestfjörðum.
- Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Með þessum áföngum verður loks hægt að segja að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög hafi komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta. Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir síðan á, að á meðan stór hluti vega á Vestfjörðum er ekki kominn með bundið slitlag, er mikilvægt að tryggja fjármuni til viðhalds vegakerfisins. Viðhald vega er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast, ekki síst nú með vaxandi umferð ferðamanna árið um kring.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir ánægju sinni með 7 daga mokstur en krefst þess að þjónustustig verði hækkað úr flokki þrjú í flokk tvö, gildir það um Vestfjarðaveg 60 sem og Djúpveg 61.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess einnig að farið verði í endurbætur á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Dynjanda, Trékyllisvík og Kaldalóni til

að styðja uppbyggingu ferðaþjónustu og auka öryggi vegfarenda. Ljóst má vera að íslenskt þjóðfélag verður af miklum tekjum á ári hverju vegna lélegs ástand vega á þessum stöðum.

### **Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur**

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Fagnað er að lokið er lagningu slitlags á flugvöllinn á Gjögri en samtímis er þess krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Þingeyri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekað.

Fjórðungsþing skorar á stjórnvöld að gerð sé úttekt á mögulegum nýjum flugvallarstæðum á Vestfjörðum sem geti þjónað innanlands og millilandaflugi. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

### **Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði**

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu. Því er fagnað að ljúka eigi við lagningu ljósleiðara frá Hrútafirði til Hólmavíkur á þessu ári og fjármagn er sett til að ljúka lagningu ljósleiðarans frá Hólmavík til Súðavíkur. Bent er á að Drangsnæs er eini byggðakjarninn á Vestfjörðum sem er án ljósleiðara og nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til verkefnisins. Aukið fjármagn þarf hinsvegar til að ná þeim markmiðum sem starfshópur stjórnvalda setti fram um tengingu dreifbýlis og skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á Alþingi að tryggja fjármagn til þessa verkefnis í fjárlögum 2016.

## Hvalá

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 krefst þess að ríkisstjórn og Alþingi leggi strax til sérstakt fjármagn til að vinna kerfisáætlun fyrir raforku- og gagnaflutninga á Vestfjörðum. Meginmarkmiðið er að tengja virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, og aðra hugsanlega virkjunarkosti í Ísafjarðardjúpi, við öll byggðarlög á Vestfjörðum. Virkjun Hvalár verður þannig forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu um leið og afhendingaröryggi raforku er tryggt.

## Greinargerð

Vestfirðir ásamt norð-austurhorni landsins eru enn einu svæðin sem búa við geiratengingu raforkuflutnings og lága flutningsgetu raflína. Því búa þessi landsvæði við minna orkuöryggi en aðrir hlutar landsins og skerðir það búsetuskilyrði. Óörugg afhending kemur einnig í veg fyrir að hægt sé að byggja upp öflugan iðnað á svæðinu þótt nýsköpun og fjárfestingar lægju í hendi. Einnig má minna á að fjarskipti og vegasamband milli afskekktara svæða á Vestfjörðum eru enn víða bágborin. Aðstæður geta hinsvegar verið að breytast og gullið tækifæri gefist nú til að samhæfa lausnir í þessum efnunum og spara verulegar fjárhæðir.

Í 2. áfanga rammaáætlunar er gert ráð fyrir örfáum virkjunarkostum á Vestfjörðum. Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði er í nýtingarflokki og er undirbúningur hennar hafinn. Þar hefur verið tryggð fjármögnun virkjunar og lagðar fram helstu hugmyndir um stærð, legu og hönnun. Einnig eru í bígerð tvær smærri virkjanir norðanmegin við innanvert Ísafjarðardjúpi. Samanlagt er áætlað að þessar þrjár virkjanir hefðu á að giska 75-85 MW uppsett afl. Ekki liggur fyrir heildarframleiðslugeta þeirra en áætlað er að Hvalárvirkjun gefi árlega um 320GWh.

Um nokkur ár hafa staðið yfir rannsóknir á aðstæðum til virkjunar Hvalár nú síðast á jarðlögum, tillaga um mat á umhverfisáhrifum hefur verið lögð fram og mótun hugmynda um hönnun eru á lokastigi. Engar ákvarðanir verða þó teknar um framkvæmdina fyrr en að þessum rannsóknum loknum. Ferlið fram að ræsingu þegar ákvörðun hefur verið tekin er áætluð 3-5 ár.

Samkvæmt lögum eru afhendingarstaðir orku frá virkjun skilgreindir fyrir Landsnet. Sú spennistöð sem næst liggur Hvalárvirkjun er Geiradalur í Reykhólahreppi. Tenging þangað er kosntaðarsöm (í 4. flokki tengikostnaðar samkvæmt rammaáætlun) eða um 2 milljarðar króna.



Ef orka fyrirhugaðra virkjana leggst þangað myndi hún nýtast á heildarneti landsins en minnst á Vestfjörðum vegna hins lélega flutningskerfis eins og áður er lýst. Þar með myndu bestu virkjurnarkostirnir ekki nýtast landshlutanum.

En nú vilja Vestfirðingar beina athygli að annarri, nærtækari lausn og ná markmiðum er varða þrennskonar uppbyggingu innviða á Vestfjörðum.

### **Tækifærin eru sem hér er lýst:**

1. Skilgreina nýjan afhendingarstað (tengivirki) til dæmis við Nauteyri á Langdalsströnd. (Tengikostnaður er áætlaður: 550milljónir) og sameina flutning frá virkjununum þremur inn á þann stað. Síðan yrði lögð öflug flutningslína vestur um Djúp í átt að Ísafirði (Kostnaður var nefndur um 3 milljarðar króna).
2. Vegna byggingar orkuversins þarf að flytja efni og tæki upp á heiðar. Til þess þarf einnig að leggja betri vegi frá Bjarnafirði og norður í Ófeigsfjörð og hugsanlega byggja viðlegukant eða höfn nálægt Ófeigsfirði. En ef nú afhending orkunnar yrði innst í Ísafjarðardjúpi liggur beint við að leggja veg þvert yfir hálandið milli Ófeigsfjarðar og innanvert Ísafjarðardjúp. Hann myndi síðan nýtast ferðaþjónustu á sumrin og hringvegur myndast milli Stranda, Ísafjarðar og Reykhólahrepps.
3. Um leið og virkjun og flutningur orku eru orðin að veruleika er mikilvægt að gott fjarskiptasamband verði við mannvirkin vegna stjórnunar orkunnar og eftirfylgni. Ef vegasamgöngur eru bættar er lagning fjarskiptastrengja auðveldari meðfram þeim.

Þessir þrjú þættir í innviðum, það er flutningur orku, fólks og upplýsinga er það sem kallað hefur verið eftir á Vestfjörðum um áratugaskeið. Skortur á sterkum innviðum hefur staðið fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir þrifum og þar sem nútímasamskiptatækni skortir er landshlutinn í lélegri samkeppnisstöðu að laða að yngra fólk til búsetu.

Til þess að úr þessum hugmyndum geti orðið þarf að yfirstíga nokkra þröskulda.

1. Samkvæmt lögum fara 13% flutningsgjalds til að greiða og viðhalda flutningslínu hverrar virkjunar. Afgangur flutningsgjalds fer til almennrar uppbyggingar og viðhalds heildarflutningskerfis á landinu. Ef nú stendur til að tengja lengri leið en til Geiradals frá Hvalaárvirkjun þá er ólíklegt að nægilegt fé safnist árlega, til að standa undir lagningu nýrrar línu og viðhaldi flutningskerfis sem og hringtengingu á Vestfjörðum. Þessu væri eingöngu breytt í lögum eða með sértækum reglugerðum sem Alþingi felur ráðuneytum og stofnunum að útfæra.

2. Áður var minnst á að skilgreina þurfi nýjan afhendingarstað og er það einnig gert með lagasetningu Alþingis vegna þess að Landsnet hefur einkaleyfi til flutnings orku á landinu. Fyrirmynd í þessum efnum er skilgreining nýs afhendingarstaðar í tengslum við nýjar virkjanir á Þeistareykjum.
3. Fyrirfram er ljóst að mikill kostnaður fylgir ofangreindum tillögum um breytingar á innviðum en hver heldur í skottið á annarri. En ef tillögurnar eru skoðaðar í einu samhengi þá má ná fram verulegum samlegðarsparnaði.
4. Breytingar á lögum um ívilnanir er varðar ýmis opinber gjöld eiga við um hin tilgreindu verkefni, en það þarf að gerast innan fyrirfram setts tíma. Einnig er hægt að sækja um ívilnun fyrir starfsþjálfun og aðstöðugjöld. Framkvæmdaraðili sækir um slíkt og um þær gilda reglur sem settar eru í samræmi við samkeppnismarkað evrópska efnahags-svæðisins. Leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að af framkvæmdum geti ekki orðið nema að slíkar ívilnanir komi til. Spurning er hvort opinbert fyrirtæki eins og Landsnet falli einhvern veginn undir ívilnunarkerfin.
5. Hagsmunir sveitarfélaganna á Vestfjörðum eru augljósir vegna þeirra tækifæra til nýsköpunar og stöðugleika sem felast í stuðningskerfunum. Sveitarfélögin geta einnig íhugað með hvaða hætti þau geti tímabundið lagt sitt af mörkum til að greiða fyrir framkvæmdum, og gæta varúðar gagnvart öðrum útgjöldum sem sveitarfélögin geta haft af framkvæmdinni.
6. Landsnet lagði fram til umsagnar Kerfisáætlun 2014-2023 fyrr í sumar og lauk umsagnarfresti um miðjan september. Þar er lýst þeim úrbótum sem náðst hafa á síðustu árum er varðar afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum og bæta verulega stöðu samfélaga og atvinnulífs. Markmið þessarar úrbóta miðast hinsvegar við raforkuspá sem gerir ráð fyrir hægfara vexti í landshlutanum. Því er ekkert fjallað í þessari kerfisáætlun um breytingar á flutningskerfi raforku sem myndi nýta þá nýju virkjunarkosti sem hér hafa verið tilgreindir. Á þetta hefur verið bent í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um kerfisáætlun.

Öll þessi málefni krefjast umsjónar og eftirfylgni. Setja þarf fram skilgreind skref í samráði við sveitarfélögin á Vestfjörðum, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða þar sem hverjum og einum innan stjórnkerfisins er gerð ljós mikilvægi aðkomu hvers og eins í formi skyldu og framlaga eða fyrirliðkun svo ná megi hverjum áfanga á 10 ára

vegferð. Að henni lokinni ættu innviðir Vestfjarða að verða að svipuðum gæðum og í öðrum landshlutum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ofangreind málefni eru í deiglunni en einhverra hluta vegna hafa þau ekki lent ofarlega á forgangsörðun opinberra verkefna. Því er það Vestfirðinga að hamra járníð meðan það er heitt og halda umræðunni lifandi um þetta stóra hagsmunamál. Þar er bent á þátt fjölmiðla, almennings og þeirra sem hyggja að nýsköpun í fjórðungnum.